STEYPUSTÖÐIN

STERKARI LAUSNIR

# Einingar

## Holplötur





# Holplötur

Holplötur eru forsteyptar einingar ætlaðar einkum í gólf á milli hæða í húsum. Ploturnar eru framleiddar í staðlaðri breidd, 1200 mm og þykkt er einnig stöðluð, 200, 265, 320 og 400 mm.

**Móttaka og varsla á byggingarstað**

Lengd er sérhönnuð, aðlöguð mannvirki. Plöturnar eru bentar með forspenntum stálstrengjum, en að jafnaði ekki annarri bendingu.





## Mynd 1

HP 200




HP 265




HP 320




HP 400



## Hífing holplötu

Þegar holplata er hífð er notuð hífingarklemma á herðatré, sjá mynd, ásamt öryggiskeðju.
Sjá mynd 2, ásamt öryggiskeðju, Ef plötur eru afbrigðilegar, t.d. skáskornar eða með stórum úrtökum, skal leita fyrirmæla verksmiðju Loftorku.

## Mynd 2




## Öryggi

Öryggiskeðju skal ávallt nýta, þegar holplötur eru hífðar með klemmu. Aldrei má hífa yfir starfsmenn. Allir sem að verki koma eiga að hafa öryggishjálma og öryggisskó. Öllum gildandi öryggisreglum verður að fylgja í hvívetna.

## Lager á byggingarstað

Ef ekki er unnt að hífa holplötu beint af flutningsvagni á endanlegan stað í mannvirki verður að nota millilager. Vinnusvæði þarf að skipuleggja fyrirfram, m.a. með tilliti til plötulagers, ásamt aðkomu og staðsetningu krana og flutningstækis.
Undirlag plötulagers verður að vera slétt og traust, t.d. þjöppuð malarfylling. Plötum er staflað í stæður, ekki hærri en sem svarar 4 stk. HP 400 plötum eða 6 stk. HP 200 plötum. Millilegg, t.d. fura 50x75x1200, komi þvert á plötu, 500 mm frá hvorum enda. Undir neðstu plötunni þarf þó að hafa breiðara undirlag, t.d. furu 50x200x1200 mm. Holrýmum og drengötum holrýma þarf að halda hreinum. Sjá mynd 4.



## Mynd 4




Millilegg eru höfð í beinni línu hvert fyrir ofan annað.

Millilegg eru höfð í beinni línu hvert fyrir ofan annað.


SKUGGI
HOTEL

STEYPUSTÖÐIN

Einingar

Steypustöðin ehf | Malarhöfða 10

110 Reykjavík, Sími 4 400 400

steypustodin@steypustodin.is

www.steypustodin.is